

Reglur um breytingar á gjaldskrá vegna leikskólagjalda starfsfólks leikskólanna.

Í samræmi við ákvörðun bæjarráðs þann 30. maí 2016 um að veita starfsmönnum leikskólanna forgang af biðlistum og tímabundinn afslátt af leikskólagjöldum voru eftirfarandi reglur samþykktar.

1. Starfsmönnum leikskólanna er veittur 50% afsláttur af leikskólagjaldi leikskólanna fyrir eitt barn en greiða fullan fæðiskostnað. Leikskólagjöld fyrir annað og þriðja barn lúta almennum reglum Sveitarfélagsins um leikskólagjald.
2. Til þess að eiga kost á afslættinum þarf starfsmaður að vera að lágmarki í 50% starfi.
3. Sé barn starfsmanns í lengri leikskóladvöl en sem nemur starfstíma foreldris er greitt fullt gjald fyrir þann tíma sem út af stendur.
4. Starfsmaður sendir umsókn um afslátt til fræðslustjóra í tölvupósti og leikskólastjóri sendir staðfestingu um starfshlutfall starfsmannsins.
5. Afsláttur fellur niður þegar starfsmaður hættir störfum í leikskóla eða fer í launalaust leyfi. Þegar framangreint á við tilkynnir viðkomandi leikskólastjóri fræðslustjóra þar um. Þegar starfsmaður kemur úr launalausum leyfi þarf að sækja um að fá afslátt að nýju.
6. Afsláttur gildir frá því umsókn berst fræðslustjóra og er reiknaður af leikskólagjaldinu. Afsláttur er ekki veittur afturvirkur.
7. Reglur um afslátt starfsmanna gilda tímabundið til vors 2019 og verða þá endurskoðaðar.

Samþykkt á fundi bæjarráði 6. júní 2016